

# STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1967

26. október 1967.

421

Nr. 185.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Gullbrúðkaupssjóð Þorbjargar Halldórsdóttur og Jóns Sölvasonar frá Réttarholti á Skagaströnd, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 26. október 1967.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gullbrúðkaupssjóð Þorbjargar Halldórsdóttur og Jóns Sölvasonar frá Réttarholti á Skagaströnd.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Gullbrúðkaupssjóður Þorbjargar Halldórsdóttur og Jóns Sölvasonar. Stofnendur sjóðsins eru þau.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður í tilefni af gullbrúðkaupi þeirra hjóna 9. júlí 1966 og gefinn kvenfélaginu Einingin, Skagaströnd, á fjórutíu ára afmæli þess 27. marz 1967. Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —.

### 3. gr.

Tekjur sjóðsins eru: Vextir af peningum og verðbréfum hans, gjafir og áheit og annað, er sjóðnum kann að áskotnast. Tekjurnar leggjast við höfuðstólinn með þeim takmörkunum er segir í 6. gr.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem konum og gengur ein úr árlega. Tvö fyrstu árin með hlutkesti. Stjórnin kys sjálf formann.

### 5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja konur til orlofsdvalar, svo sem að greiða ferðakostnað, húshjálp o. fl. Ef orlof húsmæðra leggst niður, má styrkja konur til skemmtiferða eða annarar upplýtingar.

### 6. gr.

Ársvextir höfuðstólsins skulu leggjast við hann árlega unz sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — kr. tuttugu þúsund —. Þá er stjórninni heimilt að nota alla ársvexti sjóðsins til þeirra hluta er skipulagsskráin segir til um.

### 7. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal ávaxta í ríkistryggðum banka, sparisjóði eða visitölu-tryggðum verðbréfum eftir því, sem stjórnin telur fullkomlega trygg. Aldrei má kaupa hlutabréf fyrir fé sjóðsins.

B 53

**8. gr.**

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulagsskrána, nöfn og heimilisföng þeirra kvenna, sem styrk fá og allar greiðslur, er sjóðurinn lætur af hendi. Einnig ársreikninga og skulu þeir þar undirritaðir af stjórn sjóðsins og endurskoðendum.

**9. gr.**

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar fullgerðir fyrir lok janúar næst á eftir. Skulu þeir endurskoðaðir af sömu konum og endurskoða reikninga kvenfélagsins.

**10. gr.**

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef ástæða þykir til.

**11. gr.**

Ef kvenfélagið Einingin hættir störfum, er sóknarnefndin beðin að annast um sjóðinn.

**12. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og þeim breytingum er gerðar kunna að verða á henni samkvæmt 10. gr. Skipulagsskráin óskast birt í B-deild Stjórnartíðinda.

*Skagaströnd, 28. marz 1967.*

Jón Sölvason. Þorbjörg Halldórsdóttir.

**AUGLÝSING**

**um viðauka við reglugerð nr. 207 30. september 1966, um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki.**

**1. gr.**

Auk þeirra svæða, sem talin eru í 1. gr. reglugerðarinnar, er hér með fyrirskipuð bólusetning á öllum ásetningslömbum ár hvert í Álftaneshreppi og Hraunhreppi í Mýrasýslu.

**2. gr.**

Að öðru leyti fer um bólusetninguna samkvæmt reglugerð nr. 207/1966.

Auglýsing þessi, sem er sett samkvæmt 44. gr. laga nr. 23, frá 10. marz 1956, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 16. nóvember 1967.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*